

Um að fagna fjölbreytileika kynferðis og kynlífs, gleyma Hirósíma, geldingu karla og baráttu

Fréttáflutningur er mér oft og tíðum umhugsunarefni. Þann 6. ágúst 1945 myrtu Bandaríkjamenn um 200.000 íbúa Nagasagi og Hirósíma. Haldin var minningarhátíð í Japan í tilefna þessa harmsögulega atburðar. Fjölmíðlar sýna harmsögunni enga athygli.

Sama má segja um alþjóðlegan baráttudag karla og geldingardag karla, sem er hátíðisdagur hjá kvenfrelsurum.

Hins vegar fær örsmár hópur hinsegin og kynsegin fólks og allir þeir, sem berjast fyrir svonefndri fjölbreytni, réttlæti og meðveru (diversity, equity, inclusion), nær því takmarkalaus umfjöllun.

Grundvallarhugmyndafræðin er sú, að hvítir karlar hafi smíðað kúgunarsamfélag, sem umlykur og endurspeglast í sál allra hinna kúguðu. En þar sem kúgunin er ómeðvituð, verður að beita öllum ráðum til að koma vitinu fyrir óvitana.

Í þessu skyni tók kvenfrelsunarhreyfingin fyrstu skrefin í stríðu sínu gegn karlmönnum. Henni óx hratt fiskur um hrygg með fjárstuðningi auðjöfranna og síðar skattgreiðenda. Það markaði þáttaskil, þegar öllum þeim, sem erfiði og þunga eru haldnir, var skipað saman í eina allsherjar hreyfingu, samskipunarkvenfrelsunarhreyfinguna (intersectional feminism). Þar er vitaskuld að finna kvenfrelsara og litskinna af öllu tagi. Meira að segja áróðurshreyfing Gyðinga í Bandaríkjunum (Anti - Defamation League) gerði hosur sínar grænar fyrir hreyfingunni.

Einhverra hluta vegna hafa hinir smánuðu og kúguðu valið liti regnbogans sem áróðurstákn.

Þegar stríðið gegn körlum stóð sem hæst var nemendum í háskólum gert að sækja vitundarvakningarnámskeið um kúgun kvenna. Spjótum var skiljanlega beint að körlum sértaklega. Dómstólar dæmdu karla hins vegar í endurhæfingu, væri þeim laus höndin í nánnum samböndum, á þar til gerðum endurhæfingar- eða meðferðarstöðvum. Á Íslandi er hliðstæð starfsemi boðin út.

Kvenfrelsunarboðskapurinn er nú orðið samþættur kynleysuhugmyndafræðinni um kynval og flotkyn, sem og öðrum (gagnrýnum) kúgunarfræðum.

Fræðin eru m.a. kennd í leikskólum. Þar er smábörnum kennt að stunda kynlíf. Þeim er líka kennt, að þau geti valið sér kyn og skipt um, þegar svo ber undir.

Og umfram allt er þetta svo gleðilegt, að þau eru dregin með í regnbogagleðigöngur og horfa á forystumenn Reykjavíkur mála regnbogafána á göturnar við þyt blaktandi regnbogafána. Regnbogafánanum er flaggað um land allt, meðan sá íslenski hvílir samanbrotinn í skúffu.

Þróunin á Íslandi er komin á svipað stig og í Bandaríkjunum. T.d. útskrifast ekki bifvélavirkjar í einum framhaldsskólanna, nema þeir standist námskröfur í kvenfrelsunaráfanga. Grátbroslegust er þó viðleitnin til að boða trú á elliheimilum.

Fjölbreytni, réttlætis og meðveruhugmyndafræðin (diversity-equity-inclusion – DEI), sem hófst til flugs við æðri menntastofnanir um 2015, er um það bil að umbreytast í mógsefjun. Kvenfrelsunarmógsefjunin varð á sínum tíma að stríði gegn körlum og feðrum. Stríðið stendur enn yfir, með öllum þeim hörmungum fyrir börn, karla (feður) og samfélag, sem af því hlýst.

Sagnfræðingurinn, Helen Pluckrose, hefur skrifað um þetta bók. Hún segir m.a.: Hér er hvorki um að ræða framhald baráttu fyrir misrétti og óréttlæti, né siðferðilegan ramma um mismunun vegna kynþáttar, kynferðis og svo framvegis.

Heldur er hugmyndafræðin samofin hugmyndum ófrjálslyndis og gerræðis. Krafist er hollustu við kennisetningarnar og refsað er fyrir athugasemdir um kreddurnar. (Helen skrifað einnig fróðlega bók um efnið með félaganum sínum, heimspekingnum, James Lindsay.)

Látlausar uppákomur til að gleðjast yfir afbrigðilegu kyni og kynlífi, ásamt baráttunni gegn körlum og drengjum, eru þó sem hjóm eitt í samanburði við afbrigðileikadýrkunina við opunarhátíð Olympíuleikanna í París nýverið.

Það er líka eftirtektarvert, að sjálfur páfinn hafi bannfært biskupinn opinskáa, beittasta gagnrýnenda kirkjunnar á fjölbreytileika-réttlætis-meðveru-hreyfinguna, Carlo Maria Viganó.

Forseti Rússlands, Vladimir Putin eða Vondi-Valdi er einnig hnífskarpur gagnrýnandi hreyfingarinnar, sem hann segir dæmi um úrkynjun Vesturlanda. Hann er „bannfærður“ af öllum leiðtogum Vesturlanda, nema Robert Fico og Viktor Orbán.

Einn af merkustu stjórnámálamönnum Íslands, sérfróð um alþjóðatengsl, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, lýsti sérstakri ánægju sinni með þá ákvörðum Alþings Íslendinga að veita skjól nokkrum ungmeyjum, sem vanhelgað höfðu helgidóm kristinna manna í Rússlandi með umræddum uppákomum.

Sagnfræðingurinn, Matthew Ehret, hefur bent á skyldleikann við djöfladýrkunartrúarbrögð fornaldar, sem aldrei hafa horfið, þrátt fyrir kristna trú. (Íslendingar máttu blóta á laun, þegar kristni var lögtekin.)

Djöfullinn eða Satan hefur verið dýrkaður í launhelgum allt fram á vörn dag eins og líferni ýmissa auðkýfinga og framámanna ber vitni um.

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304517>

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2304841>

<https://tuzarapost.substack.com/p/russian-president-vladimir-putins>

[https://matthewehret.substack.com/p/understanding-the-occult-](https://matthewehret.substack.com/p/understanding-the-occult-significance?utm_source=post-email-)

[significance?utm_source=post-email-](https://matthewehret.substack.com/p/understanding-the-occult-significance?utm_source=post-email-)

[title&publication_id=260045&post_id=147142392&utm_campaign=email-post-](https://matthewehret.substack.com/p/understanding-the-occult-significance?utm_source=post-email-)

[title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://matthewehret.substack.com/p/understanding-the-occult-significance?utm_source=post-email-)

<https://www.globalpolitics.se/hiroshimadagen-6-augusti-sag-ifran-mot->

[karnvapenkrigshotet/?fbclid=IwY2xjawEgGjhleHRuA2FlbQIxMAABHXzu6ruTITJAJMcO](https://www.globalpolitics.se/hiroshimadagen-6-augusti-sag-ifran-mot-)

[GlzpZx0aNIE8Pq0cM5YMzgtknULFIRmEJOdH8KOug_aem_7sUGmkFq9P9ewBvIVxRC](https://www.globalpolitics.se/hiroshimadagen-6-augusti-sag-ifran-mot-)

[kA](https://www.globalpolitics.se/hiroshimadagen-6-augusti-sag-ifran-mot-)

<https://gilbertdoctorow.com/2024/08/07/hiroshima-commemoration-and-the->

[genocide-in-gaza-discussion-on-irans-press-tv/](https://gilbertdoctorow.com/2024/08/07/hiroshima-commemoration-and-the-)

<https://www.amazon.com/Counterweight-Handbook-Principled-Strategies->

[Justice_at/dp/1634312287](https://www.amazon.com/Counterweight-Handbook-Principled-Strategies-)

<https://www.amazon.com/Cynical-Theories-Scholarship-Everything->

[Identity_and/dp/1634312023](https://www.amazon.com/Cynical-Theories-Scholarship-Everything-)

<https://www.aier.org/article/counterweight-to-conformity/>